

Nd.

308. Frumvarp

til laga um sjerleyfi handa Ottó B. Arnar o. fl. til þess að reka útvarp (broadcasting) á Íslandi.

Flm.: Jakob Möller.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að veita hlutafjlagi, sem Ottó B. Arnar símafræðingur, Kristján Bergsson forseti, Lárus Jóhannesson hæstarjettarmálaflm., Sigurður Sigurðsson forseti og Þorkell Þorkelsson forstjóri ætla að stofna, sjerleyfi til þess að reka útvarp á Íslandi um næsta 10 ára skeið, frá því að stöðin tekur til starfa, gegn þeim skilyrðum og með þeim hlunnindum, er nú skal greina:

1. Að stofnað verði hlutafjlag til að reka útvarpið, sem hafi ekki minna en 100000 króna hlutafje, og sje að minsta kosti helmingur hlutafjár boðinn út innanlands í 6 mánuði.
2. Að útvarpsstöðin verði í Reykjavík eða í námunda við hana, og að afl stöðvarinnar verði ekki minna en að hún geti útvarpað a. m. k. með 150 km. radiusi.
3. Að ríkisstjórnin geti gefið út reglugerð um rekstur útvarpsins, þar sem tekið sje fram, hvaða viðtökutæki megi nota og hver ekki, og að gjaldskrá fyrir þau, eða leigu af þeim, sje staðfest af ríkisstjórninni.
4. Að ríkið eigi kauparjett að stöðinni eftir 10 ár fyrir virðingarverð hennar.
5. Að byrjað sje á útvarpinu áður en 16 mánuðir sjeu liðnir frá staðfesting laga þessara.

Ríkisstjórninni heimilast að ákveða í leyfisbrjefinu:

1. Að samfara útvarpssjerleyfinu fylgi annaðhvort einkarjettur til þess að flytja inn, smíða og selja eða leigja loftskeytaviðtökutæki, eftir gjaldskrá sem ráðuneytið samþykkir, og að enginn megi nota önnur tæki til viðtöku en þau, sem útvarpsfyrirtækið útvegar eða tekur gild, eða að hver sá, er móttökutæki hefir, sje skyldur til að greiða stofngjald til stöðvar-

innar, er tækin eru sett niður, og síðan árgjald fyrir notkun þeirra. Undanskilin frá þessu sjeu þó viðtökutæki, sem fylgja heilum loftskýta-
stöðvum, og eins þau viðtökutæki, sem ríkisstjórnin þarf til notkunar á
stöðvum sínum.

2. Að leyfishafa sje heimilt að leggja þá síma, sem nauðsynlegir þykja, frá
ýmsum stöðum hjer í bænum (alþingishúsinu, dómkirkjunni, leikhúsinu
o. fl.) til útvarpsstöðvarinnar.
3. Að útvarpsfyrirtækið verði fyrstu 5 árin undanþegið frá greiðslu opin-
berra skatta og gjalda.
4. Að heimilt sje að framselja sjerleyfið öðrum í heaður, en slíkt framsal
sje háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Síðan hafa augu manna opnast betur fyrir því, hver nauðsyn er á því, að koma þessu fyrirtæki í framkvæmd, einkanlega í sambandi við veðurathuganir og mannskaða á sjó. Er frv. því borið fram enn á ný, í von um að ganga þess verði nú greiðari gegnum þingið.